



Bolungarvík, 16. maí 2010.

Samgöngunefnd Alþingis,
nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Athugasemdir við þskj. 973 - 582. mál á 138. löggjafarþingi, tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012.

Hér verður fjallað að meginstefnu um þrjú atriði sem varða þá samgönguáætlun sem kynnt er.

I.

A) Um sérstaka fjármögnun vegmannvirkja

B) Nýjar aðferðir við innheimtu gjalda fyrir almenn not af vegakerfinu

A) Um talsverðan tíma hefur legið fyrir að huga þyrfti að sérstakri fjármögnun einstakra vegmannvirkja með notkunargjöldum, eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni, ef unnt á að vera að ráðast í stærri framkvæmdir á næstu misserum. Slík fjármögnun á að geta flýtt framkvæmdum umtalsvert og því er tekið undir þau sjónarmið um þetta atriði sem þar er að finna. Sérstök athygli skal vakin á skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun vann fyrir Leið ehf. árið 2004 (1.000 manna úrtak) þar sem fram kom að nokkurn vegin jafnmargir voru hlyntir og andvígir innheimtu sérstaks veggjalds til ríkisins fyrir notkun sérstaklega kostnaðarsamra mannvirkja eins og m.a. jarðganga, fjórbreiðra þjóðvega o.fl. Þótt þeir sem voru hlyntir hafi verið örlitlu fleiri. Í annarri skoðanakönnun, sem bundin var við Austfirði og einnig var gerð 2004 eða rúmu ári áður en Fáskrúðsfjarðargöng voru tekin í notkun, voru hátt í 90% aðspurðra frekar eða mjög hlyntir því að greitt yrði 200 kr. í veggjald fyrir ferð um göngin ef það rynni til áframhaldandi vegagerðar á Austfjörðum. Verður að telja þessa afstöðu aðspurðra segja mikla sögu þótt vissulega hafi margt breyst síðan kannanirnar voru gerðar. (Kannanirnar fylgja umsögn þessari sem sér skjöl.)

Líklegt er að hugmyndir um að fjármagna samgöngumannviki með notkunargjöldum leiði til mun ábyrgari krafna um hvort yfirleitt skuli ráðist í gerð mannvirkis, hver stærð þess eða umfang skuli vera og kostnaður við gerð þess en ef framkvæmdin er að öllu leyti greidd úr ríkissjóði. Brýnt er þó að vandað verði til alls undirbúnings ef slík gjaldtaka verður almennt tekin upp, einkum á þeim stöðum þar sem ekki verður önnur raunhæf leið í boði fyrir ökumenn en að nýta sér mannvirknið. Fátt ætti þó að vera gjaldtöku til fyrirstöðu ef henni er stillt í hóf og þeir sem t.d. fara um daglega fá sanngjarnan afslátt.

B) Hvatt er til að hraðað verði að skoða nýja tækni og setja nýjar vlömiðanir við innheimtu notkunar-gjalda af vegakerfinu eins og nefnt er í áætluninni í stað eða til viðbótar við hefðbundna tekjustofna af bensín- og olúgjöldum o.fl. Ný tækni býður eins og fram kemur upp á ýmsa möguleika til hnitmiðaðri gjaldtöku.

Nokkuð virðist um það eftir að samgönguáætlun var kynnt að ruglað sé saman gjaldtöku fyrir notkun einstakra mannvirkja og hinni nýju aðferð við innheimtu sem nefnd er. Er brýnt að þessu tvennu sé haldið aðgreindu þegar almenn gjaldtaka af notkun vegakerfisins annars vegar og hins vegar gjald fyrir notkun einstakra mannvirkja er rædd.

II.

Stytting Hringvegjar í Austur-Húnavatnsýslu (Svínavatnsleið) og í Skagafirði (Vindheimaleið) í einkaframkvæmd.

Eftir því sem næst verður komist er við það miðað í þessari áætlun að hún rúmast innan gildandi 12 ára samgönguáætlunar sem er fyrir árin 2003 - 2014. Í þeirri áætlun kemur fram að stefnt skuli að auknum flytjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skuli ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins. Þá segir þar að leita skuli leiða til að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins. Í þessu ljósi réðst Leið ehf. í undirbúning að gerð svonefndrar Svínavatnsleiðar í einkaframkvæmd til styttingar Hringvegi á láglandi um allt að 13 til 14 km auk þess að skoða möguleg styttingu í Skagafirði um rúma 6 km eða styttingu um samtals 20 km. Ekki varð það til að draga úr áhuga Leiðar ehf. að haustið 2007 fluttu 16 þingmenn tillögu til þingályktunar um könnun á samfélagslegum áhrifum heilsársvegar um Kjöl (þskj. 21, 21. mál) sem vissulega gæti stýtt leið umtalsvert en er mjög umdeild og hefði einnig ýmsa ókosti í för með sér. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu og var endurflutt 2008 en hlaut þá sömu örlög. Stofnað var sérstakt félag um þessa framkvæmd Norðurvegur ehf. en það hefur lítt haft sig í frammi undanfarið eftir því sem næst verður komist.

Bæði Vindheimaleið og þeim mun heldur Svínavatnsleið teljast vel arðsamar á mælikvarða Vegagerðarinnar og raunar er Svínavatnsleið það þjóðhagslega arðsöm að ekki verður talið að önnur framkvæmd á landinu utan þéttbýlis jafnst á við hana að því leyti, en arðsemi hennar fyrir samfélagið hefur verið metin yfir 20%, en Vindheimaleiðar yfir 8%. Helstu kostir við hana er sú stytting sem nefnd er (13 km eru 3,3 % leiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur sem er 389 km) og þar með aukið umferðaröryggi, jafnt í þéttbýlinu á Blönduósi og vegunum í kring, skemmri akurstími, lækkun flutningskostnaðar, minnkuð eldsneytisnotkun og þar með útblástur og síðast en ekki síst þau störf sem yrðu til við veglagninguna og smíði tveggja tilheyrandi brúa (áætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdin skapi störf sem samsvari 60 ársverkum). Í frumdrögum sem unnin voru fyrir Leið ehf. árið 2007 var gert ráð fyrir að gerð vegar þessa leið ásamt brúarmannvirkjum kostaði um 1.200 m.kr. Nú hefur vísitala Vegagerðar hækkað um 66% síðan þá og því má gera ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdina yrði um. 2.000 m.kr. eða um 1.600 m.kr. ef virðisaukaskattur er dreginn frá (og hann þess í stað lagður á veggjaldið). Þó skal haft í huga að tilboð sem opnuð hafa verið nýlega í nokkrar verklegar framkvæmdir hafa verið vel undir kostnaðaráætlunum og er viðbúið að þessi framkvæmd yrði eftirsótt meðal verktaka og mörg hagstæð tilboð gerð.

Ef verkið yrði unnið í einkaframkvæmd og veggjöld innheimt eins og Leið ehf. hefur talað fyrir þykir mega áætla gróflega brúttótekjur af umferð sem hér segir:

Meðalumferð fólksbíla á dag yfir heilt ár	550 x 500 kr. = 275.000 kr. x 365 dagar =	100.375.000 kr.
Meðalumferð stórra ökutækja á dag	50 x 1.500 kr. = 75.000 kr. x 365 dagar =	<u>27.375.000 kr.</u>
		127.750.000 kr.
	Virðisaukaskattur 7%	8.942.750 kr.
	Samtals	136.692.750 kr.

Tekið skal fram að meðalumferð um Vatnsskarð yfir árið (ÁDU) er um 800 ökutæki á dag og því gert ráð fyrir að um þrjú fjórðu umferðarinnar sem þar fer um nýtti sér þennan nýja veg. Þá skal nefnt að í hugmyndum Leiðar ehf. er við það miðað að ríkið (Vegagerðin) greiði fyrir land undir veginn, viðhald og snjómokstur. Vel er ljóst að fjárhagslega er þetta e.t.v. ekki mikið gróðafyrirtæki en framkvæmdin ætti vel að geta staðið undir sér ef hagstæð fjármögnun næst og þjóðhagslega arðsemin, þ.e. ávinningur samfélagsins eða umferðarinnar samsvarar líklega 300 til 350 m.kr. á ári (er þá ekki talinn sá ávinningur sem til verður af þeim störfum sem skapast á framkvæmdatímanum).

Gerð var skoðanakönnun (6.000 manna úrtak) vorið 2006 um afstöðu til vegar þessa leið, sem miðast hvort tveggja við óbreytt ástand sem og á móti þeim valkosti að farið yrði í gerð vegar um Kjöl. Var góður meirihluti hlyntur þessari leið fremur en bæði Kjalvegi og óbreyttu ástandi, þ.e. að einungis yrði áfram komist um Blönduós. Má því segja að veglagning þessa leið sé í samræmi við vilja mikils meirihluta þjóðarinnar og ólíklegt að þessi viðhorf hafi breyst.

Af hálfu Leiðar ehf. hafa verið unnin drög að tillögu að umhverflsmati framkvæmdarinnar þar sem þrjár veglínur í grennd við Svínavatn voru skoðaðar. Rætt hefur verið við eigendur flestra þeirra 11 til 12 jarða sem kynnu að fara undir veginn (þ.e. svonefnda leið 1 - sjá kort sem fylgir) og sýnist reyndar sitt hverjum en fullyrða má að þegar rætt var við þá hafi meirihluti þeirra, þ.m.t. eigendur stærstu jarðanna, ekki verið andvígur þessum hugmyndum, þótt vissulega ætti það ekki við um alla og áhuginn e.t.v. ekki brennandi hjá mörgum. Fundað hefur verið með sveitarstjórn Blönduósbæjar, sem raunar hefur verið þessu andsnúin, að því er virðist vegna meints tekjumissis af umferðinni, sem telja má stórlega ofmetinn, einkum ef veggjöld verða sett á sem án efa leiðir til þess að hluti umferðarinnar fer áfram um Blönduós. Leið ehf. og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar boðuðu til opins fundar um þessar hugmyndir í Húnaveri í Austur-Húnavatnssýslu í október á liðnu ári þar sem fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem vegirnir lægju um svo og fulltrúar sveitarfélaga í Eyjafirði voru boðaðir auk allra þingmanna Norðvestur- og Norðausturkjördæma. Þar mættu og tóku til máls m.a. bæjarstjórn Blönduósbæjar, Akureyrarkaupstaðar og sveitarstjóri Húnavatnshrepps, svo og fulltrúi Vegagerðarinnar, Leiðar ehf. og Samtaka verslunar og þjónustu og skiptust á skoðunum sem eðlilega voru nokkuð skiptar. Af hálfu Eyþings, Akureyrarkaupstaðar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar o.fl. hefur verið hvatt til þess að ráðist verði í styttingar leiða á þessum slóðum enda miklir hagsmunir í húfi. Undirritaður mætti f.h. Leiðar ehf. á opna fundi um mánaðamótin janúar / febrúar 2010 þar sem tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaganna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps var kynnt. Leitast hefur verið við að kynna þessar hugmyndir og ýmsar staðreyndir varðandi þær einkum að því er varðar meintan skaða sem byggð á Blönduósi kann að verða fyrir. Skal þar sérstaklega vísað til ítarlegrar skýrslu sem Háskólinn á Akureyri vann fyrir Leið ehf. og lauk við í byrjun árs 2008, um samfélagsleg áhrif nýs vegar á m.a. byggð á Blönduósi. Skv. henni eru meint neikvæð samfélagsleg áhrif verulega ofmetin, ýmislegt jákvætt fengist fram fyrir þéttbýlið á Blönduósi auk þess sem vel má gera ráð fyrir að einhverjar mótvægisaðgerðir kunni að koma til. Nokkur fjöldi bréfa og erinda hefur verið ritaður tengt þessum hugmyndum og leitast við að halda samgönguráði, Vegagerðinni, Eyþingi og fleiri aðilum upplýstum um stöðu mála.

Þótt Svínavatnsleið (eða Húnavallaleið eins og Vegagerðin kýs að nefna hana) hafi enn ekki ratað inn í tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaganna Blönduósbæjar (íbúar 1. des. 2009 879) þar sem tæpir 2 km leiðarinnar liggja og Húnavatnshrepps (íbúar 1. des. 2009 433), en tillögurnar eru nú til lokameðferðar og Vegagerðin óskað eftir að þar yrði gert ráð fyrir þessari leið, hafa þau kosið að hafna öllum óskum þar um. Að mati Leiðar ehf. er þeim hins vegar skv. 2. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 70/2008 skilt að gera ráð fyrir tillögum Vegagerðarinnar í tillögum sínum að aðalskipulagi, en ákvæðið er svohljóðandi með undirstrikun og feitletrun undirritaðs:

VI. kafli. Skipulag og veghelgunarsvæði.

■ 28. gr. Vegir og skipulag.

Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum.

Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan feiur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Telja verður að ekki þurfi um það að ræða, svo augljóst sem það er, að nýr um 17 km vegur sem styttr leið um 13 - 14 km og er lagður skv. nýjustu kröfum um m.a. breidd, hæðarlegu, sjónlínur o.fl. leiðir til umtalsvert aukins umferðaröryggis frá óbreyttu ástandi.

Að öllu framanrituðu athuguðu verður því að teljast einkennilegt að þessarar arðsömu framkvæmdar skuli ekki vera að neinu getið í tillögu þeirri að samgönguáætlun sem hér er til umfjöllunar né þess starfs sem unnið hefur verið til undirbúnings henni.

Rætt er um aðkomu lífeyrissjóðanna að nokkrum vegaf framkvæmdum sem ekki var getið í langtíma-áætlun 2003 - 2014 og því ætti þessi framkvæmd eins að geta rúmast þar.

Eins og áður segir er þessi framkvæmd sennilega sú þjóðhagslega arðsamasta sem ráðast má í á landinu og ættu íbúar og atvinnurekstur við Eyjafjörð og á norðausturhorni landsins ekki síst að hafa hag af henni. Það er því leitt til þess að vita að vegar þessa leið skuli ekki hafa verið að neinu getið í ræðum þingmanna í fyrstu umræðu um þessa þingsályktunartillögu og er ástæða til að óttast að þingmenn Norðvesturkjördæmis muni ekki veita henni þann stuðning sem vert væri þar sem þeir íbúar kjördæmisins sem hafa ótvíræða hag af henni eru ekki ýkja margir en fulltrúar þeirra íbúa sem óttast að missa spón úr aski sínum verði af þessari framkvæmd mun sýnilegri og einbeittari hópur, þótt vart sé hann fjölmennur.

Þá er hætt við að þingmenn Norðausturkjördæmis líkt og svo margir aðrir þingmenn haldi sig við „sitt“ kjördæmi þegar kemur að þessum málaflökki. Brýnt er að heildarhagsmunir fái að ráða og er hvatt til að þessi framkvæmd verði tekin inn í samgönguáætlun á sama hátt og þær sem nefndar eru að eigi að fjármagnast með láni frá lífeyrissjóðunum en eiga miklu lengra í land með að verða að veruleika.

Þar sem sveitarfélögin Blönduós bær og Húnavatnshreppur hafa kosið að gera ekki ráð fyrir þessum framkvæmdum í tillögum sínum að aðalskipulagi þrátt fyrir að telja megi þeim skylt að gera það eins og áður segir og þessi afstaða að því er viðist fyrst og fremst byggð á ótta við breytingar, sem samkvæmt öllum fyrirliggjandi gögnum er að mestu ástæðulaus, styddi það skipulagsferlið mjög að láta þessara hugmynda getið í samgönguáætlun þeirri sem hér um ræðir.

III.


Almenningssamgöngur / samnýting ökutækja

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir „greiðari umferð almennings-samgangna“ eins og það er orðað. Fram kemur að kostnaður við almenningssamgöngur sé verulegur. Þegar þetta er ritað er til meðferðar á hinu háa Alþingi frumvarp til laga um almenningssamgöngur, þingmál 14. Þar vakti Leið ehf. athygli á ferðamáta sem nefndur er samnýting ökutækja. Má nálgast umfjöllun um það undir liðnum innsend erind á vef Alþingis.

Ljóst má vera að með gengishruni krónunnar og þar með umtalsverðri hækkun á verði nýrra ökutækja og verulegri hækkun á verði eldsneytis á eftir að draga úr notkun ökutækja auk þess sem kostnaður við almenningssamgöngur á eftir að hækka. Því er hætt við að færri geti nýtt sér einkabílinn en verið hefur og kostnaðarsamara verður að komast um. Þá má einnig nefna að með nýjum umferðarlögum, en frumvarp til þeirra hefur nú verið lagt fram, er gert ráð fyrir að bílprófsaldur hækki í 18 ár og mun öikumönnum því fækka sem því nemur. Samnýting ökutækja kemur vart í stað annarra samgöngumáta en ætti að geta verið viðbót við þá og leitt til umtalsvert aukins hreyfanleika einkum á afskekktari og fámennari stöðum. Sérstaklega skal haft í huga að milli margra staða eru engar beinar samgöngur eða aðeins hluta úr ári. Má sem dæmi nefna leiðina milli norðanverðra Vestfjarða og Hólmavíkur og allt að Hringvegi við Dalsmynni. Án efa féllu til nokkrar ferðir þessa leið á hverjum degi með einkabílum en ekkert sæmílega öruggt kerfi er til sem býður upp á þær séu nýttar.

Vefur, síma- eða tölvuver eða annar slíkur vettvangur fyrir upplýsingar um laust far eða far í boði getur hreinlega verið öryggistæki þegar allt flug liggur niðri líkt og gerðist þegar sem mest aska barst úr eldstöðvunum í Eyjafjallajökli. Sama getur átt við þegar óveður eða ófærð hindra ferðir ökutækja.


Ef stuðla má að þokkalegu framboði og nýtingu þessa ferðamáta eykur hann hreyfanleika í samfélaginu, hann verður að teljast í hæsta máta umhverfisvænn og stuðla að sjálfbærri þróun, sem nú er mjög litið til. Gera má ráð fyrir að meira öryggi felist í því að tveir eða fleiri ferðist saman í bíl en þegar ökumaður er einn. Vel má hugsa sér að einhverju eftirlitskerfi verði komið á, tilkynninga-skyldu, að aðeins þeir sem séu sérstaklega skráðir eða hafi sætt athugun (t.d. sakavottorð), hvort heldur sem er farþegar eða öikumenn geti hagnýtt sér þennan ferðamáta, aðeins ökutæki sem séu sérstaklega merkt megi bjóða far o.s.frv. Þegar liggur fyrir úrskurður samgönguráðuneytisins í máli sem Leið ehf. rak í þá veru að þeim sem býður far sé heimilt að gera ráð fyrir hóflegu gjaldi eða nánar tiltekið þátttöku í kostnaði ef ekki er ekið í atvinnuskyni. Þessi ferðamáti gæti einnig hentað vel fyrir þá sem eiga langan veg til og frá vinnu. Því eru stjórnvöld hvött til að vekja sem mesta athygli á þessum ferðamáta og skapa honum einhverja lagaumgjörð til að tryggja öryggi og þægindi. Kostnaður við þetta er væntanlega hverfandi, aðeins þarf að hugsa hlutina lítið eitt öðru vísi en gert hefur verið til þessa. Er því skorað á hlutaðeigandi að gera þessum samgöngumáta hærra undir höfði í þeirri tillögu að samgönguáætlun sem liggur fyrir.

Virðingarfyllt,

 Jónas Guðmundsson,
 formaður stjórnar Leiðar ehf.

Afrit bréf:

Ýmsir hagsmunaaðilar

Fylgiskjöl:




Kort sem sýnir hugmyndir Leiðar ehf. að vegstyttingum í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði, sjá öftustu síðu þessa erindis.

Viðhengi í tölvutæku formi:

Skýrslan „Viðhorf til vegamála og vegtolla“ - skoðanakönnun og greining unnin af Félagsvísindastofnun fyrir Leið ehf., janúar 2004.

Skýrslan „Könnun á afstöðu til vegtolla í Fáskrúðsfjarðagöngum og fyrir afnot af vegi um Öxi“ unnin af Félagsvísindastofnun fyrir Leið ehf., mars 2004.



Framkvæmd og heimtur

Hér birtast niðurstöður símakönnunar sem unnin var fyrir Leið ehf. Bolungarvík. Spurt var um afstöðu til greiðslu vegtolla fyrir afnot af væntanlegum göngum á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðafjarðar og hugsanlegs heilsársvegar um Öxi á milli Berufjarðar og Skriðdals. Könnunin var gerð dagana 28. og 29. janúar 2004. Þátttakendur í rannsókninni voru á aldrinum 18 til 75 ára og koma úr öllum sveitarfélögum frá Hornafirði í suðri til Bakkafjarðar í norðri. Úrtakið var valið af handahófi úr þjóðskrá. Úrtakið allt var 400 manns og af þeim náðist í 293. Brúttósvvarhlutfall er því 73,25%. Tveir þátttakendur reyndust búsettir erlendis og einn var veikur. Þegar þeim hefur verið sleppt reynist nettósvvarhlutfall vera 73,8%. Sex manns neituðu að taka þátt og ekki náðist í 104 af þeim sem lentu í úrtakinu.

Bakgrunnsupplýsingar

Í töflum 1 til 3 er gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu þeirra sem svöruðu könnuninni eftir kyni, aldri og búsetu.

Tafla 1. Kyn svarenda

	Tíðni	Hlutfall (%)
Karlar	136	47,4%
Konur	151	52,6%
Samtals	287	100,0%

Samkvæmt þjóðskrá eru karlar 53% íbúa á Austurlandi þannig að segja má að kynjahlutföllin hafi snúist við í þessari könnun. Þetta kemur þó ekki að sök þar sem munurinn reynist minni en svo að ætla megi að hann hafi áhrif á niðurstöður.

Tafla 2. Aldur svarenda

	Tíðni	Hlutfall í úrtaki (%)	Hlutfall í þýði (%)
18 - 24 ára	46	16,0	15,8
25 - 34 ára	45	15,7	17,5
35 - 44 ára	57	19,9	21,8
45 - 54 ára	57	19,9	20,0
55 - 64 ára	50	17,4	14,2
65 - 75 ára	32	11,1	10,6
Samtals	287	100	100

Í töflu tvö er aldursdreifing þátttakenda í könnuninni borin saman við aldursdreifingu allra íbúa á Austurlandi eins og hún var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 2003. Aftasti dálkurinn „hlutfall í þýði“ á þá við hlutfall hvers aldurshóps af heildaríbúafjölda í þeim sveitarfélögum sem könnunin náði til. Samræmi á milli úrtaks og þýðis er yfir höfuð fremur gott og mesta frávikid er aðeins um þrjú prósent.

Tafla 3. Búseta svarenda

Staður	Póstnr	Tíðni	Hlutfall (%)
Bakkafjörður	685	2	0,7
Vopnafjörður	690	20	7,0
Egilsstaðir	700	48	16,7
Egilsstaðir dreifbýli*	701	27	9,4
Seyðisfjörður	710	28	9,8
Borgarfjörður eystri	715	1	0,3
Mjóifjörður	720	3	1,0
Reyðarfjörður	730	19	6,6
Eskifjörður	735	21	7,3
Neskaupstaður	740	31	10,8
Fáskrúðsfjörður	750	12	4,2
Stöðvarfjörður	755	5	1,7
Breiðdalsvík	760	6	2,1
Djúpivogur	765	11	3,8
Höfn í Hornafirði	780	46	16,0
Höfn Dreifbýli	781	7	2,4
Alls		287	100

*Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Norðurhérað

Afstaða til vegtolla í Fáskrúðsfjarðargöngum og á Öxi

Þátttakendur voru spurðir að því hversu líklegt þeir teldu að þeir kæmu til með að nýta sér vegabætur á Austurlandi að því gefnu að greiða þyrfti vegtolla fyrir afnot viðkomandi vega. Fyrst var spurt um veginn um Öxi og var spurningin svohljóðandi: „Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir stytta þér leið með því að nýta þér uppbyggðan heilsársveg um Öxi á milli Berufjarðar og Skriðdals ef þú þyrftir að greiða um 700 krónur í veggjald þegar þú notar veginn?“ Eins og sjá má í töflu 4 voru langflestir mjög eða frekar líklegt því að þeir myndu nýta sér leiðina þyrftu þeir að greiða um 700 krónur fyrir afnot vegarins, eða ríflega 3 af hverjum 4 sem tóku afstöðu (77,4%). Fimmtungur þeirra sem tóku afstöðu töldu það hins vegar fremur eða mjög ólíklegt (20,6%).

Tafla 4. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir stytta þér leið með því að nýta þér uppbyggðan heilsársveg um Öxi á milli Berufjarðar og Skriðdals ef þú þyrftir að greiða um 700 krónur í veggjald þegar þú notar veginn?

	Tíðni	Hlutfall (%) einungis þeir sem taka	
		afstöðu	Hlutfall (%) - allir
Mjög líklegt	142	50,4%	49,5
Frekar líklegt	76	27,0%	26,5
Hvorki líklegt né ólíklegt	6	2,1%	2,1
Frekar ólíklegt	24	8,5%	8,4
Mjög ólíklegt	34	12,1%	11,8
Samtals	282	100,0%	98,3
Þekkir ekki leiðina	1		0,3
Neitar að svara	1		0,3
Veit ekki	3		1,0
Samtals	5		1,7
Alls	287		100

Í töflu 5 má sjá niðurstöður við seinni spurningunni en þar var spurt: „Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að greitt verði 200 króna veggjald fyrir hverja ferð um væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng gegn því að ágóðanum verði varið til áframhaldandi jarðgangagerðar á Austurlandi?“. Hér eru niðurstöður enn eindregnari en við spurningunni um Öxi. Tæp 90% þeirra sem svara eru mjög eða frekar hlynnta innheimtu vegtolls fyrir akstur um göngin en aðeins 7,4% svarenda eru frekar eða mjög andvígir innheimtu vegtolla af umferð um þau.

Tafla 5. Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að greitt verði 200 króna veggjald fyrir hverja ferð um væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng gegn því að ágóðanum verði varið til áframhaldandi jarðgangagerðar á Austurlandi?

	Tíðni	Hlutfall (%) einungis þeir sem taka	
		afstöðu	Hlutfall (%) - allir
Mjög hlynnt/ur	186	66,0%	64,8%
Frekar hlynnt/ur	65	23,0%	22,6%
Hvorki hlynnt/ur né andvíg/ur	10	3,5%	3,5%
Frekar andvíg/ur	10	3,5%	3,5%
Mjög andvígur	11	3,9%	3,8%
Samtals	282	100,0%	98,3%
Þekkir ekki leiðina	0		0,0%
Neitar að svara	1		0,3%
Veit ekki	4		1,4%
Samtals	5		1,7%
Alls	287		100,0%

Bakgrunnsgreining

Í þessum kafla er afstaða svarenda greind eftir kyni, aldri og búsetu. Marktektarprófið Kíkvaðrat var notað til að kanna hvort að munur væri á afstöðu svarenda eftir kyni, aldri og búsetu. Í töflum 6 og 7 er afstaðan til nýtingar á vegi um Öxi og vegtolla í Fáskrúðsfjarðargöngum greind eftir kyni, aldri og búsetu svarenda. Ekki kemur fram munur á afstöðu eftir aldri eða kyni svarenda og til að skoða afstöðu eftir sveitarfélögum eru of fáir þátttakendur þátttakendur í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Tafla 6. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir stytta þér leið með því að nýta þér uppbyggðan heilsársveg um Öxi á milli Berufjarðar og Skriðdals ef þú þyrftir að greiða um 700 krónur í veggjald þegar þú notar veginn?

Kyn	Mjög líklegt (%)	Frekar líklegt (%)	Hvorki líklegt né ólíklegt (%)		Mjög ólíklegt (%)	Samtals (%)	Fjöldi
			líklegt	ólíklegt			
Karl	54%	24%	2%	4%	15%	100%	135
Kona	46%	30%	2%	12%	10%	100%	151
Aldur							
18 - 24 ára	47%	29%	2%	11%	11%	100%	45
25 - 34 ára	47%	27%	0%	13%	13%	100%	45
35 - 44 ára	59%	18%	4%	7%	13%	100%	56
45 - 54 ára	51%	27%	0%	9%	13%	100%	55
55 - 64 ára	48%	30%	6%	4%	12%	100%	50
65 - 75 ára	48%	35%	0%	6%	10%	100%	31
Búseta							
Bakkafjörður	100%	0%	0%	0%	0%	100%	2
Vopnafjörður	75%	10%	0%	0%	15%	100%	20
Egilsstaðir	60%	28%	0%	9%	4%	100%	47
Egilsstaðir dreifbýli	69%	23%	0%	4%	4%	100%	26
Seyðisfjörður	52%	37%	0%	7%	4%	100%	27
Borgarfjörður eystri	0%	100%	0%	0%	0%	100%	1
Mjölfjörður	67%	33%	0%	0%	0%	100%	3
Reyðarfjörður	37%	21%	5%	11%	26%	100%	19
Eskifjörður	38%	33%	0%	24%	5%	100%	21
Neskaupstaður	30%	43%	0%	10%	17%	100%	30
Fáskrúðsfjörður	18%	9%	0%	18%	55%	100%	11
Stöðvarfjörður	0%	0%	40%	20%	40%	100%	5
Breiðdalsvík	0%	17%	17%	0%	67%	100%	6
Djúpivogur	73%	27%	0%	0%	0%	100%	11
Höfn í Hornafirði	54%	28%	2%	9%	7%	100%	46
Höfn Dreifbýli	57%	14%	14%	0%	14%	100%	7

Tafla 7. Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að greitt verði 200 króna veggjald fyrir hverja ferð um væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng gegn því að ágóðanum verði varið til áframhaldandi jarðgangagerðar á Austurlandi?

Kyn	Hvorki hlynnt(ur)					Samtals (%)	Fjöldi
	Mjög hlynnt(ur) (%)	Frekar hlynnt(ur) (%)	né andvíg(ur) (%)	Frekar andvíg(ur) (%)	Mjög andvíg(ur) (%)		
Karl	65%	23%	5%	2%	5%	100%	132
Kona	66%	23%	3%	5%	3%	100%	149
<i>Aldur</i>							
18 - 24 ára	57%	33%	4%	7%	0%	100%	46
25 - 34 ára	61%	25%	5%	2%	7%	100%	44
35 - 44 ára	69%	22%	4%	2%	4%	100%	55
45 - 54 ára	65%	22%	4%	4%	7%	102%	56
55 - 64 ára	64%	13%	4%	5%	4%	89%	49
65 - 75 ára	44%	15%	0%	0%	0%	58%	32
<i>Búseta</i>							
Bakkafjörður	100%	0%	0%	0%	0%	100%	2
Vopnafjörður	85%	5%	0%	5%	5%	100%	20
Egilsstaðir	57%	23%	4%	6%	9%	100%	47
Egilsstaðir dreifbýli	67%	30%	0%	4%	0%	100%	27
Seyðisfjörður	74%	26%	0%	0%	0%	100%	27
Borgarfjörður eystri	100%	0%	0%	0%	0%	100%	1
Mjóifjörður	67%	33%	0%	0%	0%	100%	3
Reyðarfjörður	72%	28%	0%	0%	0%	100%	18
Eskifjörður	71%	24%	5%	0%	0%	100%	21
Neskaupstaður	72%	24%	0%	0%	3%	100%	29
Fáskrúðsfjörður	75%	17%	8%	0%	0%	100%	12
Stöðvarfjörður	40%	40%	0%	20%	0%	100%	5
Breiðdalsvík	33%	50%	17%	0%	0%	100%	6
Djúplvogur	73%	18%	9%	0%	0%	100%	11
Höfn í Hornafirði	52%	22%	7%	9%	11%	100%	46
Höfn Dreifbýli	71%	14%	14%	0%	0%	100%	7

Þó svo að dreifing svara eftir sveitarfélögum eins og hún birtist í töflum sex og sjö gefi einhverja hugmynd um afstöðu heimamanna til vegtolla eru þátttakendur í hverju sveitarfélagi fyrir sig of fáir til að dregnar verði merkingarbærar ályktanir út frá þessum töflum. Til að bregðast við þessu var valið að slá þeim svæðum og sveitarfélögum sem tiltekin voru í rannsókninni saman í fimm megin svæði og skoða afstöðu þátttakenda miðað við þá skiptingu. Þá var svarmöguleikum einnig slegið saman þannig að þeir sem eru hlynntir (mjög eða frekar) mynda einn hóp og þeir sem eru á móti (mjög eða frekar) einn hóp.

Í töflum átta og níu eru birtar niðurstöður eins og þær líta út eftir að upplýsingar hafa verið flokkaðar saman á eftirfarandi hátt. Sveitarfélög og landsvæði voru sameinuð þannig að norðursvæði eru Bakkafjörður og Vopnafjörður; Héraðssvæði eru Jökuldalur, Fljótsdalshérað, Borgarfjörður, Seyðisfjörður og Mjóifjörður; Fjarðarbyggð eru þeir þéttbýliskjarnar og sveitabæir sem mynda sveitarfélagið Fjarðarbyggð og Suðurfirðir eru hér Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík og Breiðdalur. Þessi skipting í landsvæði er talin fylgja nokkuð vel

núverandi skiptingu Austurlands í þjónustu, búsetu og atvinnusvæði. Þá styður það þessa skiptingu að þær vegabætur sem spurt var um lenda á mörkum svæða þannig að hægt er að bera saman afstöðu þátttakenda beggja vegna við fyrirhuguð mannvirki.

Tafla 8. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir stytta þér leið með því að nýta þér uppbyggðan heilsársveg um Öxi á milli Berufjarðar og Skriðdals ef þú þyrftir að greiða um 700 krónur í veggjald þegar þú notar veginn?

	Líklegt	Hvorki líklegt né ólíklegt		Samtals	Fjöldi
		Ólíklegt	Ólíklegt		
Norðursvæði	86%	0%	14%	100%	22
Héraðssvæði	89%	0%	11%	100%	104
Fjarðarbyggð	69%	1%	30%	100%	70
Suðurfirðir	18%	14%	68%	100%	22
Djúpivogur og Hornafjörður	84%	3%	13%	100%	64

Tafla 9. Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að greitt verði 200 króna veggjald fyrir hverja ferð um væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng gegn því að ágóðanum verði varið til áframhaldandi jarðgangagerðar á Austurlandi?

	Hlynnt(ur)	Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)		Samtals	Fjöldi
		andvíg(ur)	Andvíg(ur)		
Norðursvæði	91%	0%	9%	100%	22
Héraðssvæði	90%	2%	8%	100%	105
Fjarðarbyggð	97%	1%	1%	100%	68
Suðurfirðir	87%	9%	4%	100%	23
Djúpivogur og Hornafjörður	78%	8%	14%	100%	64

Kí-kvaðrat marktektarpróf var reiknað til að meta hvort að munur sé á afstöðu á milli þessara fimm búsetusvæða. Með því að fækka hópunum úr 16 í fimm fjölgar þátttakendum innan hvers hóps að sama skapi. Enginn munur er á afstöðu íbúa til vegtolla í Fáskrúðsfjarðargöngum. Á hinn bóginn kemur fram skýr búsetumunur eftir landsvæðum þegar afstaða til vegatolla á Öxi er skoðuð þar sem íbúar Suðurfjarða skera sig algerlega úr í neikvæðri afstöðu ($\chi^2=64,96$, $df=8$, $P<0,0001$). Við túlkun þessara niðurstaðna ber þó að gæta þess að í þessari könnun er ekki tekið á því hvort að það er afstaða til vegtolla sem slíkra eða afstaða til þess að vegurinn um Öxi verði byggður upp sem ræður svörum þátttakenda.

Félagsvísindastofnun



HASKOLI ISLANDS

Viðhorf til vegamála og vegatolla

Unnið fyrir Leið ehf, Bolungarvík

Friðrik H. Jónsson
Eva Heiða Önnudóttir
Ævar Þórólfsson

Viðhorf til vegamála og vegtolla

Janúar 2004 – Símakönnun
Unnið fyrir Leið ehf, Bolungarvík

Friðrik H. Jónsson
Eva Heiða Önnudóttir
Ævar Þórólfsson

Efnisyfirlit

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	4
TÍÐNITÖFLUR - BAKGRUNNSBREYTUR.....	5
VIÐHORF TIL VEGATOLLA	8
Áhrif spurningaröðunar á svör	12
BAKGRUNNSGREINING.....	15

TÖFLUR

TAFLA 1	FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	4
TAFLA 2	KYN SVARENDA.....	5
TAFLA 3	ALDUR SVARENDA.....	5
TAFLA 4	BÚSETA SVARENDA.....	5
TAFLA 5	MENNTUN SVARENDA.....	6
TAFLA 6	STAÐA SVARENDA Á VINNUMARKAÐI.....	6
TAFLA 7	FJÖLSKYLDUTEKJUR SVARENDA.....	7
TAFLA 8	HJÚSKAPARSTAÐA SVARENDA.....	7
TAFLA 9	ALMENNT SÉÐ, HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU ÞVÍ AÐ VEGFARENDUR UM VÆNTANLEG HÉÐINSFIARÐARGÖNG, MILLI SIGLUFJARÐAR OG ÓLAFSFIARÐAR, GREIÐI 200 TIL 500 KRÓNUR Í VEGTOLL FYRIR AFNOT GANGANNA?.....	8
TAFLA 10	ALMENNT SÉÐ, HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU ÞVÍ AÐ RÍKIÐ INNHEIMTI VEGATOLLA Á BILINU 50 TIL 500 KRÓNUR VIÐ SÉRSTAKLEGA KOSTNAÐARSÖM VEGAMANNVIRKI SVO SEM JARÐGÖNG, MISLÆG GATNAMÓT OG FJÓRBREIÐA ÞJÓÐVEGI, TIL GREIÐSLU HLUTA KOSTNAÐAR?.....	9
TAFLA 11	ALMENNT SÉÐ, HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU ÞVÍ AÐ SAMGÖNGUBÓTUM SÉ FLÝTT MEÐ ÞVÍ AÐ EINKAÆÐILAR SJÁI UM GERÐ VEGAMANNVIRKJA OG VEGFARENDUR GREIÐI A.M.K. HELMING KOSTNAÐAR VIÐ SLÍKA FRAMKVÆMD MEÐ VEGATOLLUM?.....	10
TAFLA 12	HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU ÞVÍ AÐ HÆKKA HÁMARKSHRAÐA ÚR 90KMÁ KLUKKUSTUND Í 100 KM Á KLUKKUSTUND Á EINHVERJUM HLUTUM ÞJÓÐVEGAKERFISINS? 10	
TAFLA 13	HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU ÞVÍ AÐ BIFREIÐAEIGENDUR GREIÐI SÉRSTAKT GJALD FYRIR NOTKUN NAGLADEKKJA INNAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS VEGNA ÞESS AUKNA SLITS Á GÖTUM SEM REKJA MÁ TIL NAGLADEKKJA?.....	11
TAFLA 14	AFSTAÐA TIL VEGATOLLS Í VÆNTANLEGUM HÉÐINSFIARÐARGÖNGUM.....	12
TAFLA 15	AFSTAÐA TIL VEGATOLLA ALMENNT, SÉRSTAKLEGA VIÐ KOSTNAÐARSÖM VEGAMANNVIRKI.....	13
TAFLA 16	VIÐHORF TIL VEGATOLLA FYRIR AFNOT AF VÆNTANLEGUM HÉÐINSFIARÐARGÖNGUM (RÆÐHLUTFÖLL).....	16
TAFLA 17	VIÐHORF TIL VEGATOLLA FYRIR AFNOT AF VÆNTANLEGUM HÉÐINSFIARÐARGÖNGUM (DÁLKAHLUTFÖLL).....	17
TAFLA 18	VIÐHORF TIL VEGATOLLA ALMENNT GREINT EFTIR BAKGRUNNSÞÁTTUM (RÆÐHLUTFÖLL) 18	

TAFLA 19	VIÐHORF TIL VEGATOLLA ALMENNT GREINT EFTIR BAKGRUNNSÞÁTTUM (DÁLKAHLUTFÖLL).....	19
TAFLA 20	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT FLÝTA EIGI SAMGÖNGUBÓTUM MEÐ ÞVÍ AÐ EINKAABILAR SJÁI UM GERÐ VEGAMANNVIRKJA OG AÐ VEGFARENDUR GREIÐI AÐ MINNSTA KOSTI HELMING KOSTNAÐAR MEÐ VEGATOLLUM (RÆÐHLUTFÖLL).....	20
TAFLA 21	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT FLÝTA EIGI SAMGÖNGUBÓTUM MEÐ ÞVÍ AÐ EINKAABILAR SJÁI UM GERÐ VEGAMANNVIRKJA OG AÐ VEGFARENDUR GREIÐI AÐ MINNSTA KOSTI HELMING KOSTNAÐAR MEÐ VEGTOLLUM (DÁLKAHLUTFÖLL).....	21
TAFLA 22	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT HÆKKA EIGI HÁMARKSHRAÐA ÚR 90 KM Á KLUKKUSTUND Í 100 KM Á KLUKKUSTUND Á EINHVERJUM HLUTUM ÞJÓÐVEGAKERFISINS (RÆÐHLUTFÖLL).....	22
TAFLA 23	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT HÆKKA EIGI HÁMARKSHRAÐA ÚR 90 KM Á KLUKKUSTUND Í 100 KM Á KLUKKUSTUND Á EINHVERJUM HLUTUM ÞJÓÐVEGAKERFISINS (DÁLKAHLUTFÖLL).....	23
TAFLA 24	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT AÐ BIFREIÐAEIGENDUR EIGI AÐ GREIÐA SÉRSTAKT GJALD FYRIR NOTKUN NAGLADEKKJA INNAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS GREINT EFTIR BAKGRUNNSÞÁTTUM (RÆÐHLUTFÖLL).....	24
TAFLA 25	VIÐHORF TIL ÞESS HVORT AÐ BIFREIÐAEIGENDUR EIGI AÐ GREIÐA SÉRSTAKT GJALD FYRIR NOTKUN NAGLADEKKJA INNAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS GREINT EFTIR BAKGRUNNSÞÁTTUM (DÁLKAHLUTFÖLL).....	25

MYNDIR

MYND 1	SAMANBURÐUR Á VIÐHORFUM TIL VEGATOLLA EFTIR ÞVÍ HVORT SPURT ERUM VEGATOLLA ALMENNT EÐA SÉRSTAKLEGA UM VEGATOLLA Í VÆNTANLEGUM HÉÐINSFIARÐARGÖNGUM.....	9
MYND 2	SAMANBURÐUR Á SPURNINGU 7 UM HVORT INNHEIMTA ÆTTI VEGATOLL VIÐ VÆNTANLEG HÉÐINSFIARÐAGÖNG EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ HÚN VAR SPURÐ Á UNÐAN EÐA EFTIR SPURNINGU 8 UM HVORT GREIÐA ÆTTI VEGATOLLA ALMENNT.....	13
MYND 3	SAMANBURÐUR Á SPURNINGU 8 UM HVORT INNHEIMTA ÆTTI VEGATOLL ALMENNT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ HÚN VAR SPURÐ Á UNÐAN EÐA EFTIR SPURNINGU 7 UM HVORT AÐ INNHEIMTA ÆTTI VEGATOLL VIÐ VÆNTANLEG HÉÐINSFIARÐARGÖNG.....	14

Framkvæmd og heimtur

